



## Skipulags- og byggingarnefnd

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Blönduóssbæjar miðvikudaginn 27. apríl 2005 kl. 17,30 í félagsheimilinu.

Anna Margrét Jónsdóttir ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Kosning formanns.  
Stungið var upp á Jóni Sigurðssyni sem formanni nefndarinnar. Engar athugasemdir voru gerðar við það og hann því kjörinn með lófataki.
2. Erindi: Krákur ehf. sækir um leyfi til að setja upp girðingu umhverfis vöruport á lóð Húnabrautar 4 samkvæmt meðfylgjandi mynd og uppdrætti.

Afgreiðsla: Rolf Árnason, byggingarfulltrúi útbýtti uppdrætti af fyrirhugaðri framkvæmd og mynd. Rætt var um fyrirhugað byggingarefni og hæð girðingarinnar. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að girðingin verði öll gerð úr timbri 1,8 m á hæð og móti Melabraut og á móti Holtabraut. Einnig yrði gerð girðing á milli Húnabrautar 4 og íþróttavallar, ásamt á milli lóða Húnabrautar 4 og Húnabrautar 6. Æskilegt væri að sú girðing væri gerð úr samsvarandi efni að hæð 1,4 -1,6m.

3. Erindi: Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir staðfestingu skipulags- og byggingarnefndar á deiliskipulagi fyrir svæðið sunnan Norðurlandsvegur og vestan Svínvetningabrautar. Uppdráttur gerður af Stoð ehf. Verkfræðistofu og Árna Ragnarssyni arkitekt, Sauðárkróki. Uppdráttur dagsettur 25. apríl 2005.

Afgreiðsla: Byggingarfulltrúi lagði fram uppdrátt af deiliskipulagi fyrir ofangreint svæði. Nefndin skoðaði uppdrátt af fyrirhuguðu deiliskipulagi og ákvað að óska eftir frekari skýringum við uppdráttinn, þar sem merkingar þóttu ekki nógu skýrar.

4. Erindi: Bæjarstjóri Blönduóssbæjar fyrir hönd Blönduóssbæjar sækir um leyfi til að innrétta að nýju og breyta starfssemi á efstu hæð Hnjúkabyggðar 33. Breytt úr bókasafni í bæjarskrifstofu, samkvæmt uppdráttum gerðum af Glámu - Kím Arkitektar, Laugavegi 164 ehf.

Afgreiðsla: Byggingarfulltrúi dreifði uppdrætti af fyrirhugaðri framkvæmd. Erindið var rætt innan nefndarinnar og samþykkt án athugasemda.

5. Erindi: Auðunn Sigurðsson Hólabraut 15, Blönduósi sækir um leyfi til að setja upp 3,3 m<sup>2</sup> "Lillevillu barnahús" á lóð sinni Hólabraut 15 samkvæmt afstöðumynd og mynd af húsi.

Afgreiðsla: Byggingarfulltrúi dreifði meðfylgjandi gögnum. Nefndin ræddi erindið og samþykkti athugasemdalaust.



6. Önnur mál.  
Stjórn skipti með sér verkum. Gauti Jónsson, Hvammi kjörinn  
varaformaður og Anna Margrét Jónsdóttir, Sölvabakka kjörin ritari.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18,30.

Anna Margrét Jónsdóttir

Jón Sigurðsson  
Jakob Þór Guðmundsson  
Gauti Jónsson  
Ágúst Sigurðsson  
Hilmar Frímannsson  
Rolf Árnason